

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Pétursey, 29.01.2010.


Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025.

Þar sem undirritaður hefur starfað við akstur skólabarna í Mýrdal yfir 40 ár tel ég mig hafa langa reynslu af samgöngum á svæðinu og hvar sé mest þörf með breytingar til úrbóta fyrir framtíðina.

Sá hluti er ég þjónaði lengi liggur allur vestan Reynisfjalls og gekk sá tími næstum tafarlaust nema í einstöku tilfellum af völdum snjóa. En í áranna rás breyttist starfsemi skólanna yfir Mýrdalinn og þar með skóla aksturinn, sem varð yfir allt svæðið frá Vík að Sólheimum. Við þær breyttu aðstæður kom í ljós þeir dagar er geta stoppað þessa leið þótt vegir séu alveg auðir en það vegna stormviðra og mun meiri tafir vegna snjóa og þar með hættulegri leið með svo dýran farm sem skólabörn.

Vegna alls þessa hér að framansögðu legg ég eindregið til að veglínan sem dregin hefur verið frá Hryggjum sunnan allra hæða gegnum Reynisfjall til Víkur verði valin sem þjóðleið nr. 1 og um leið stigið stórt skref með bætt umferðaröryggi, en í því sambandi ber að hafa verulega í huga að staðsetja sjóvarnagarð framan við Vík frá Reynisfjalli að Víkurá svo farmarlega sem nokkur kostur er til að fá sem mest landrími fyrir vegagerð á þeim kafla.

Virðingarfyllst.


Eyjólfur Sigurjónsson, skólabílstjóri.